

# Lífeyrissjóðir - eign eða réttindi

15. nóvember 2012

Ráðstefna Landssambands eldri borgara um kjaramál  
Hótel Reykjavík Natura

# Uppbygging íslenska lífeyrissjóðakerfisins

- Þriggja stoða kerfi í samræmi við það kerfi sem Alþjóðabankinn (World Bank) hefur lagt til, þ.e. að lífeyriskerfi þjóða samanstandi af þremur stoðum þar sem:
  - Fyrsta stoðin á að vera opinbert kerfi líkt og almannatryggingakerfið íslenska endurspeglar
  - Önnur stoðin á að byggja á sjóðsöfnun og samtryggingu með skylduaðild líkt og íslensku lífeyrissjóðirnir
  - Þriðja stoðin á að byggja á frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði líkt og við sjáum í séreignarsjóðum á vegum lífeyrissjóðanna og bankanna

# Þriggja stoða lífeyriskerfi

- I. stoð: Almennatryggingar → skatttekjur
- II. stoð: Lífeyrissjóðir → 4% + 8%
- III. stoð: Viðbótarlífeyrissparnaður → 4% + 2%

# Löggjöf – I. stoð

- Lög nr. 29/1890 um styrktarsjóði fyrir alþýðufólk.
- Lög nr. 17/1909 um almennan ellistyrk.
- Lög nr. 26/1936 um alþýðutryggingar.  
– Lífeyrissjóður Íslands.
- Lög um almannatryggingar nr. 50/1946.
- Lög um almannatryggingar nr. 100/2007 og lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

## II. stoð Lífeyrissjóðir

- Almennu lífeyrissjóðirnir
  - sjóðsöfnun
- Opinberu sjóðirnir
  - Að hluta:
    - sjóðsöfnun
    - gegnumstreymi
  - Ábyrgð launagreiðanda

# Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

- Stofnaður með lögum nr. 101/1943.
- Heildarlög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins
  - nr. 64/1955 (lög nr. 65/1955)
  - nr. 29/1963 (lög nr. 16/1965)
- Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.
- Lög um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga nr. 2/1997.

# Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

- Réttindi skilgreind í lögum
- Réttindi hvorki aukin né skert til samræmis við eignir og skuldbindingar sjóðsins

# Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

- 1997 tóku gildi breytingar á lögum LSR
- Sjóðnum skipt í 2 deildir, A og B
- B-deild LSR starfar skv. eldra kerfi
- B-deild LSR byggir á gegnumstreymi og að hluta sjóðsöfnun
- A-deild LSR byggir á sjóðsöfnun með líkum hætti og lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði
- Allir nýir sjóðfélagar ganga í A-deild og B-deild lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum og launagreiðendum



# A-deild LSR - iðgjald

- Greitt af heildarlaunum
- Iðgjald sjóðfélaga - 4%
- Mótframlag launagreiðanda
  - Breytilegt, nú 11,5%
- Eignir og iðgjöld = skuldbindingar, þ.e. full sjóðsöfnun

# B-deild

- Hluta sjóðsöfnun og að hluta gegnumstreymi
  - Iðgjald, 23. gr.
  - Lífeyrishækkun, 33. gr.
  - Bakábyrgð ríkisins, 32. gr.

## Iðgjald – 23. gr.

- 4% af dagvinnulaunum, vaktaálagi, persónu- og orlofsuppbót
- Mótframlag launagreiðanda 8%
- Iðgjaldafrír
  - Almenna reglan (32 ár)
  - 95 ára regla

# Bakábyrgð ríkisins

- Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris, sbr. 32. gr. laga nr. 1/1997
- Ríkissjóður hefur greitt inn á skuldbindingar sínar umfram lagaskyldu

# Þróun lífeyriskerfisins

- 1969 samkomulag aðila vinnumarkaðarins um stofnun atvinnutengdra lífeyrissjóða með skylduaðild og sjóðsöfnun.
- Lög um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971. ( lög nr. 97/1979).
- Lög um starfskjör launþega nr. 9/1974.
- Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980.
- Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

# Viðbótarlífeyrissparnaður - 1999

- 8% af heildarlaunum – hámark
  - 4% lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð
  - 4% hámarksiðgjald í séreignarsjóð
- Kjarasamningsbundið mótframlag
  - Mótframlag launagreiðanda 2%

# Réttindi - Eign

- Almannatryggingar
- Grunnréttindi
- Skylda – valfrjálst
- Samtrygging – séreign
- Sjóðsöfnun – gegnumstreymi
- Einkaréttur – opinber réttur

# Réttindi - Eign

1. mgr. 76. gr. stjórnarskár.

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“

1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár.

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“



# Lífeyrisréttindi eru stjórnarskrárvarin eignarréttindi

Hugtakið eignarréttur skv. 72. gr. stjórnarskrár víðtækt – ekki aðeins hlutbundin réttindi

- Umboðsmaður Alþingis
- Hæstiréttur Íslands
- Mannréttindadómstóll Evrópu

# Tryggingafræðileg úttekt

## 39. gr. l. nr. 129/1997

- „Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af.“


# Aukning/skerðing skv. 39. gr. l. nr. 129/1997

- Sjóður á að eiga fyrir skuldbindingum sínum
- Ákvæðið á rætur að rekja til samnings ASÍ og VSÍ um lífeyrismál frá 12. des. 1995
- Í samningnum segir:  
„Skyldutrygging í lífeyrissjóðum gerir kröfu til þess að engum manni verði skv. ákvæðum kjarasamninga gert að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs sem kann að vera ófær um að standa við loforð um lífeyrisgreiðslur síðar meir.”

## 39. gr. l. 129/1997

- Vikmörk:
  - Meira en 10%
  - Meira en 5% í meira en fimm ár
- Ef breyta ber samþykktum sbr. 39. gr. þá nægilegt að fara inn fyrir 5% markið


# Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða í árslok 2010



Heimild: Fjármálaeftirlitið

# Heildareignir lífeyrissjóða


Eignir lífeyrissjóðanna 2008 til 2012 (febrúar)



# Ríkissjóður - erlend verðbréf




## Eignir lífeyrissjóða 2001-2011



# Jákvætt vandamál


Meðalævilengd er að lengjast



Heimild: Hagstofa Íslands




## Gerbreytt þjóðfélag, vinnandi á hvern lífeyrisþega mun fækka ...



Heimild: Hagstofa Íslands

21. maí 2012

Framtíð lífeyrismála á Íslandi



Alþjóðlegur  
samanburður

# Ýmsar hugmyndir – heimildir?

- Tímabundin útgreiðsla séreignar
- Eignarskattur lagður á lífeyrissjóði
- Heimildir til að fella niður kröfur
- Skattlagning á þegar áunnin séreignarsparnað
  - LL fékk lögfræðialit um lögmæti.
  - Hvaða takmarkanir setur stjórnarskrá íslenska lýðveldisins heimildum löggjafans til að skattleggja nú áunninn séreignarsparnað skv. lögum nr. 129/1997?

# Ákvæði skattalaga

- Löggjafinn setur ákvæði sem ætlað er að stuðla að auknum sparnaði og styrkja lífeyriskerfið.
- Það fyrirkomulag að draga frá tekjuskattsstofni iðgjöld í lífeyrissjóð og skattleggja útgreiðslur í staðinn getur verið mörgum lífeyrisþegum hagfelld.

# Ákvæði stjórnarskrár

- 65. gr. – Jafnræðisregla
- 77. gr., einkum 2. mgr.
  - Bann við afturvirkri skattlagningu
- 72. gr. – Eignarréttarvernd

## 65. gr. stjórnarskrárinnar

- Leyst skal með sambærilegum hætti úr málum þeirra sem eins eða líkt stendur á um.
- Samtrygging/séreign
  - Samtrygging - skattlagt við útborgun
  - Séreign – skattlagt nú

# 65. gr. stjórnarskrárinnar

## Samanburður:

- Sameiginlegt:
  - Sparað á grundvelli laga
  - Myndast af launum vegna vinnu
  - Sama skattahagræði við inngreiðslur
  - Ætlað að tryggja rétt til lífeyris
- Munur:
  - Greiðslur falla niður
  - Greiðslur til maka, barna, dánarbú

## 65. gr. stjórnarskrárinnar

- Niðurstaða:
  - Samsvörun það mikil að erfitt sé að halda því fram að hægt sé að vera með mismunandi skattlagningu á þessum tveimur hópum einkum þar sem löggjafinn opnaði fyrir það í 4. gr. slsl. að hluti af skydlutryggingariðgjaldi gæti falist í séreignarlífeyrissparnaði.
  - Þessum tveimur hópum voru veittar sömu réttmætu væntingarnar í upphafi.



## 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar

- Skattar verða ekki lagðir á með afturvirkum hætti.
- Álagningu lokið og verður ekki tekin upp aftur.
- Nálágast þetta sem afturvirka tekjuskatta.
- Dómar Hæstaréttar leggja áherslu á réttmætar væntingar og réttaröryggi.
- Rýrir möguleika löggjafans í framtíðinni ef gengið er gegn þessum sjónarmiðum.
- Lagaumgjörðinni var beinlínis ætlað að stýra hegðan fólks og örva það til séreignarsparnaðar.

## 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar

Niðurstaða:

Þegar álagningu skatta er lokið verður hún ekki tekin upp aftur með afturvirkri lagasetningu.

## 72. gr. stjórnarskrárinnar

- Réttur manna í lífeyrissjóði er eign.
- Almennt ekki skerða nema fullar bætur komi fyrir.
- Löggjafinn hefur þó vissar heimildir til að skipa eignarrétti með almennum reglum.
- Skattlagning lífeyrissparnaðar nú kann að leiða til þess að verðmæti slíkra réttinda verði minni hjá hópi sjóðfélaga sem nýtur þeirra.
- Túlkar saman við jafnræðisregluna.

## 72. gr. stjórnarskrárinnar

- Eignarréttarákvæðinu er ætlað að stuðla að réttaröryggi - eigandinn viti hvar hann standi og hvert inntak eignarréttarins sé.
- Séreign tengd einstökum eiganda og jafnast við að eiga hluti.
- Dómar Hæstaréttar líta til réttmætra væntinga.

Niðurstaða:

Slík lagasetning fái ekki staðist 72. gr.

# Niðurstöður

- Stenst ekki 65. gr. þar sem afleiðingarnar bitna ekki með sama hætti á sambærilegum hópum.
- Að taka upp á ný álagningu skatta á tekjur liðins tíma og ákveða að skattleggja þær með öðrum hætti en þá var gert ráð fyrir, er í andstöðu við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.
- Að breyta inntaki eignarréttar manna í séreignarsjóði er í andstöðu við 72. gr. stjórnarskrárinnar og koma þar sjónarmið um réttmætar væntingar, réttaröryggi, meðalhóf, jafnræði og hversu sérgreind þessi eignarréttindi eru, öll til sögunnar og bera að sama brunni.

# Horft til framtíðar – fjöldi verkefna

- Aðilar vinnumarkaðarins
  - Bregðast við lengingu meðalævi/lægra vaxtaumhverfi
  - Neikvæð tryggingafræðileg staða sjóðanna
- Ríkissjóður
  - Byggja upp skjálfbært kerfi til framtíðar
  - Draga úr víxlverkun greiðslna TR og lífeyrissjóða
  - Takmarkaðir fjárfestingarkostir – gjaldeyrishöft
- Einstaklingar
  - Viðhorfsbreyting
  - Taka ábyrgð á eigin framfærslu
  - Lífeyrissmál eru hluti af fjármálum fjölskyldunnar alla ævi

*Lifðu vel og lengi!*